



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið 2021

Starfsemi félagsins árið 2021

Starfsemi félagsins var með óvenjulegu móti annað árið í röð vegna Covid-19. Aðalfundur, fræðslufundir, stjórnarfundir og aðrir fundir voru oftast haldnir á netinu. Annað árið í röð var Sálfræðiþingi frestað en í staðinn var haldinn Fræðadagur SÍ með rafrænum erindum um störf sálfræðinga í Covid-19. Mikið hefur dregið úr félagslegri samveru og spjalli sem er miður, þar sem eitt af markmiðum félagsins hefur verið að búa til umhverfi til að félagsmenn geti hist. Gleðilegt var að Haustfundur var haldinn í HR og þar hittust sálfræðingar, hlýddu á fróðleg erindi og áttu góðar umræður. Boðið var upp á veitingar og ljóst að sálfræðingar hafa saknað samverunnar. Stjórn Sálfræðingafélags Íslands vill hrósa félagsmönnum sem hafa verið mjög áberandi í umræðunni um Covid-19. Félagsmenn hafa verið í framlínunni og unnið mikilvæg störf við fjölbreyttar og krefjandi aðstæður.

Félagsmenn:

Félagsmenn um síðustu áramót voru alls 661. 507 er með stéttarfélags- og fagaðild, 41 eru með fagaðild, 84 eru með aukaaðild (nemar og sálfræðingar starfandi erlendis) og 29 eru með heiðurs- og lífeyrisaðild.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru gefin út 43 starfsleyfi árið 2021. Til samanburðar voru 47 leyfi gefin út 2020, 46 leyfi gefin út árið 2019 og 42 leyfi gefin út árið 2018.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hafa 138 sérfræðileyfi verið gefin út frá upphafi en þeir sem hafa hlotið sérfræðileyfi eru færri þar sem sumir sálfræðingar hafa fleiri en eitt sérfræðileyfi. Á síðasta ári voru gefin út 4 ný sérfræðileyfi, tvö í klínískri sálfræði, eitt í klínískri taugasálfræði og eitt í klínískri sálfræði, annað. Til samanburðar voru gefin út 4 sérfræðileyfi árið 2020. Þrjú sérfræðileyfi voru gefin út árið 2019 og 24 sérfræðileyfi árið 2018.

Stjórn:

Í stjórn félagsins á starfsárinu voru:

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður
Bóas Valdórsson, varaformaður
Álfheiður Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Helgi Héðinsson, ritari
Gunnhildur Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Agnes Björg Tryggvadóttir, meðstjórnandi
Berglind Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Anna María Frímansdóttir

Kjörtímabilum Bóasar, Álfheiðar, Gunnhildar og Berglindar lýkur á aðalfundi 2022. Álfheiður býður sig fram til endurkjörs til gjaldkera en Bóas, Gunnhildur og Berglind bjóða ekki fram krafta sína að nýju. Helgi Héðinsson býður sig einn fram til varaformanns félagsins og er því sjálfkjörinn. Gyða Dögg Einarsdóttir, Hugrún Vignisdóttir og Lilja Magnúsdóttir bjóða sig fram í þrjú laus embætti meðstjórnenda og eru þær því allar sjálfkjörnar. Bóasi, Gunnhildi og Berglindi eru þökkuð góð störf í þágu félagsins. Bóas hefur verið í stjórn frá árinu 2016 og sem varaformaður frá 2018. Gunnhildur hefur verið í stjórn frá árinu 2018 og Berglind frá 2020.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Stjórn fundar ekki í júlímánuði og því fundir stjórnar alls 11 á tímabilinu. Auk þess var haldinn einn starfsdagur stjórnar.

Nefndir, undirfélög og fagdeildir, samstarf innan félags:

Í nefndum félagsins á starfsárinu voru:

Siðanefnd

Ingibjörg Markúsdóttir, formaður
Guðrún Oddsdóttir
María K. Jónsdóttir
Matthías Matthíasson
Hörður Porgilsson

Prófanefnd

Auðun Valborgarson, formaður
Katrín Einarsdóttir
Örnólfur Thorlacius
Guðrún Rakel Eiríksdóttir

Fagráð

Gyða S. Haraldsdóttir, formaður
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir
Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir
Sólveig Erna Jónsdóttir
Erla Björg Birgisdóttir

Fræðslunefnd

Helga Theodóra Jónasdóttir, formaður
Linda Björk Oddsdóttir
Bergljót Gyða Guðmundsdóttir
Gabríela Bryndís Ernudóttir
Edda Sigfúsdóttir

Ritstjórn Sálfræðisins

Guðmundur Skarphéðinsson
Rannveig Sigurvinsdóttir
Sigurður Viðar

Tvö undirfélög voru starfandi á árinu:

Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi

Karen Júlía Sigurðardóttir, formaður
Aðalheiður Sigfúsdóttir, gjaldkeri
Valdís Eyja Pálsdóttir, ritari
Jóhanna Bergsdóttir, varamaður

Félag framhaldsnema við sálfræði

Aron Freyr Kristjánsson (HR), formaður
Sigrún Edda Jónsdóttir (HÍ), varaformaður

Ein fagdeild var starfandi á starfsárinu:

Fagdeild sálfræðinga við skóla.

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður
Karítas Ósk Björgvinsdóttir, gjaldkeri
Ingibjörg Sigurjónsdóttir, ritari
Ólafur Þórðarson, meðstjórnandi
Sólveig Rósa Davíðsdóttir, meðstjórnandi

Fagdeild um réttarsálfræði

Fagdeildin var ekki í virkri starfsemi á árinu

Trúnaðarmenn SÍ á árinu 2021 voru:

Valgerður Ólafsdóttir, Reykjavíkurborg
Sveinn Gunnar Hálfánarson, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Bergný Ármannsdóttir, Landspítala
Gyða Dröfn Hjaltadóttir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Hanna María Guðbjartsdóttir, Landspítala
Helma Rut Einarsdóttir, Reykjalundur
Katrín B. Bjarnadóttir, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Katrín Jónsdóttir, Stuðlar
Logi Úlfarsson, Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Þóra Kristín Flygenring, Hafnarfjörður
Kristján Gunnar Óskarsson, Litla KMS

Samninga- og samstarfsnefndir og trúnaðarmannaráð funda eftir þörfum með framkvæmdastjóra og formanni. Árskýrslur berast frá nefndum, undirfélögum og fagdeildum fyrir aðalfund.

Hefð hefur verið fyrir því að halda vinnugleði með stjórn, nefndum og trúnaðarmönnum en vegna Covid-19 þurfti tvívegis að fella vinnugleðina niður og var ekki hægt að halda hana árið 2021. Haldnir voru fundir með formönnum allra nefnda á árinu og voru allar nefndir virkar þrátt fyrir aðstæður sem ber að þakka sérstaklega. Þess utan hafa verið haldnir fundir með einstaka nefndum og undirfélögum eftir þörfum.

Er það von stjórnar að störf nefnda, trúnaðarmannaráðs, fagdeilda og undirfélaga auki samstarf og virkni innan félagsins, styðji við faglega þróun og gefi almennt góða sýn á mannauðinn innan félagsins. Þakkar stjórn SÍ þessum aðilum mikilvægt og óeigingjarnt starf á árinu.

Kjaramál:

Kjaramál er viðfangsefni sem sífellt þarf að vinna að hjá Sálfræðingafélagi Íslands og var starfsárið engin undantekning þar á. Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins var undirritaður í upphafi árs, nánar tiltekið 7. janúar 2021. Kjarasamningar losna svo árið 2023 og hófst undirbúningur fyrir þá samningu á haustmánuðum 2021 innan BHM.

Vinna við endurnýjum stofnanasamninga hélt áfram árið 2021. Stofnanasamningar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjalundi og Sjúkrahúsínu á Akureyri voru endurnýjaðir á árinu.

Fundir með trúnaðarmannaráði hafa verið að jafnaði einu sinni í mánuði á árinu en trúnaðarmannaráðið gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kjaramálin. Stjórn þakkar trúnaðarmönnum, félögum í samstarfsnefndum og samninganefndum fyrir mikilvægt framlag á árinu.

Eftir að lög um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu af hendi Sjúkratrygginga Íslands voru samþykkt í júní 2020 hefur félagið komið að samningaviðræðum. Í apríl 2021 auglýstu Sjúkratryggingar Íslands eftir áhugasömum fyrirtækjum til viðræðna um að gera samning við Sjúkratryggingar. Með þessu er verið að halda stefnu Sjúkratrygginga til streitu með að gera ekki rammasamning við stéttina heldur koma af stað útboðsumhverfi um þessa þjónustu við fyrirtæki. Mikil óánægja er með þessa nálgun Sjúkratrygginga á meðal sálfræðinga og einnig á meðal annarra stétta, s.s. sérfræðilækna og sjúkraþjálfara. EMDR stofunni var boðið samtal um samning við Sjúkratryggingar og óskaði stofan eftir aðkomu fagfélaga sálfræðinga að samninganefnd stofunnar. Haldnir voru nokkrir fundir sem voru uppbyggilegir og lærdómsríkir fyrir báða aðila en ljóst var að mikið bar á milli, m.a. varðandi greiðslur og vinnubrögð sálfræðinga. Ljóst var að skýra hefði þurft mun betur markmið samnings og til hvaða þjónustu hann ætti að ná. Ný ríkisstjórn tók svo við í lok árs og lá þá fyrir boð á fund nýs heilbrigðisráðherra til að ræða samninga við Sjúkratryggingar Íslands.

Félagsstarf, fastir liðir:

Siðareglunámskeið var ekki haldið á árinu vegna Covid-19. Morgunverðarfundir og fræðslufundir voru haldnir með rafrænum hætti en nánar er gert grein fyrir starfi fræðslunefndar í skýrslu þeirra á aðalfundi.

Sálfræðiþingi var aflýst árið 2021 vegna Covid-19 en í staðinn var haldinn mjög vel heppnaður rafrænn Fræðadagur Sí. Á Fræðadegi voru haldin fjögur erindi um ólík störf sálfræðinga í Covid-19. Þar fjallaði Agnes Björg Tryggvadóttir um sálrænan stuðning við Covid-19 sjúklinga á Landspítala. Smári Pálsson fjallaði um nálgun Reykjalundar að endurhæfingu Covid-19 sjúklinga. Álfheiður Guðmundsdóttir fjallaði um störf sálfræðinga við skóla á tímum Covid-19 og Hafrún Kristjánsdóttir fjallaði um störf sjálfstætt starfandi sálfræðinga í Covid-19.

Árlegur haustfundur var haldinn 5. nóvember. Fundurinn var bæði haldinn sem staðfundur og fjarfundur. Umræðuefni haustfundar var kulnun. Karítas Ólafsdóttir og Snæfríður Birta Hreiðarsdóttir, nemar á þriðja ári við Sálfræðideild Háskóla Íslands, fóru yfir niðurstöður rannsóknar sinnar um starfshætti og líðan sálfræðinga í COVID-19. Berglind Stefánsdóttir og Guðrún Rakel Eiríksdóttir, sálfræðingar og verkefnastjórar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, kynntu fundargestum hugtakið kulnun, breytingar á skilgreiningu og áskoranir því tengt. Auk þess kynntu þær niðurstöður rannsóknar sinnar um kulnun á Íslandi. Pallborðsumræður voru haldnar í lok fundar og bættust þá Linda Bára Lýðsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í sálfræði hjá HR, og Helgi Héðinsson, sálfræðingur og forstöðumaður Opna háskólans í HR, í hópinn. Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélagsins, var fundarstjóri. Góð þátttaka var á haustfundi og voru yfir 100 þátttakendur á fundinum ýmist á staðnum eða í fjarfundi. Eftir fundinn hittust félagsmenn yfir léttum veitingum og spjölluðu saman.

Formaður og framkvæmdastjóri héldu kynningarfund fyrir nýja sálfræðinga.

Fésbókarsíða félagsins er vel nýtt til að benda á það sem sálfræðingar eru að gera og til ýmissa auglýsinga og skilaboða frá félaginu og BHM. Mikið hefur verið um að sálfræðingar komi fram í fjölmiðlum til að ræða fagleg málefni.

Samstarf innan BHM:

Sálfræðingafélagið er virkur þátttakandi í starfi BHM og á fulltrúa í lykilnefndum. Ingi Jón Hauksson sat í stjórn orlofssjóðs fyrri part 2021 en dró sig úr stjórn á miðju ári. Anna María Frímansdóttir hefur verið formaður í kjara- og réttindanefnd og bauð sig fram til endurkjörs á síðasta ári. Hún hlaut afgerandi kosningu og situr áfram sem formaður nefndarinnar. Sálfræðingafélag Íslands á sæti í eftirfarandi nefndum:

- Anna María Frímansdóttir er formaður kjara- og réttindanefndar.
- Tryggvi Guðjón Ingason er meðstjórnandi í stjórn sjúkrasjóðs og er varamaður í stjórn starfsþróunarseturs háskólamanna fyrir hönd BHM.

Formannaráðsfundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir mál aðildarfélaga og bandalagsins og sækir formaður þá fundi. Framkvæmdastjóri situr einnig reglulega fundi innanhúss sem utan í samstarfi við BHM.

Erlent samstarf:

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi að því marki sem hægt er.

SAK: Fundir norrænu sálfræðingafélaganna (SAK) voru tveir á árinu. Apríl fundurinn var rafrænn um fagmál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra. Í október var haldinn staðfundur í Kaupmannahöfn um kjaramál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra.

EFPA: Sí er aðili að Samtökum Sálfræðingafélaga í Evrópu (EFPA) og tekur Ísland þátt í sameiginlegum verkefnum EFPA, m.a. er Sí með tengiliði í nokkrum nefndum. Aðalfundur EFPA var haldinn rafrænn í fyrsta skiptið sumarið 2021. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundinn fyrir hönd Sí. Árlegur fundur með tengiliðum nefnda var ekki haldinn árið 2021 vegna Covid-19. Umsókn um EuroPsy var ekki unnin frekar á árinu og er frestun á gildistöku starfsþjálfunarárs helsta ástæða þess. Sé starfsþjálfunarár fest í sessi verður hægt að óska eftir EuroPsy vottun strax við löggildingu.

Formanni er reglulega boðið á aðalfundi og ráðstefnur erlendra sálfræðingafélaga en hingað til hafa slík boð ekki verið þegin vegna forgangsröðunar á tíma og fjármagni.

Aðrar áherslur í starfi stjórnar á starfsárinu:

Aukið aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu

Ýmis tækifæri hafa verið nýtt til að þrýsta á stjórnvöld til að auka aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu. Formaður og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í ráðstefnum og þingum um geðheilbrigðismál. Skrifaðar hafa verið umsagnir um lög á Alþingi þar sem lögð er áhersla á mikilvægi starfa sálfræðinga í geðheilbrigðismálum. Vakin er athygli á geðheilsumálum sem og vinnu sálfræðinga s.s. viðtölum sem eru birt á fésbókar síðu félagsins.

Sálfræðingafélag Íslands var boðið á fund hjá heilbrigðisráðherra í apríl, m.a. til að ræða stöðu biðlista eftir sálfræði- og geðþjónustu á Íslandi. Þar var rætt um mikilvægi þess að halda áfram þeirri

uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og til þess þurfi að bæta kjör og vinnuáðstæður hjá mörgum stofnunum.

Sérfræðileyfi

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hafa aðeins 11 sálfræðingar fengið sérfræðileyfi á árunum 2019, 2020 og 2021. Á starfsárinu 2021 hefur verið stutt við félagsmenn sem hafa lent í erfiðleikum vegna umsókna um sérfræðileyfi. Einnig hefur verið samtal meðal fagfélaga sálfræðinga um að óska eftir upptöku á reglugerð um sérfræðiviðurkenningu.

Starfsþjálfunarár

Erfitt hefur verið að fá samtal við ráðuneyti um starfsþjálfunarár sálfræðinga og var árið 2021 engin undantekning þar á. Nokkuð löng saga er um þetta mál hjá félaginu sem verður ekki rakin hér, en til frekari upplýsinga má sjá fyrri skýrslur stjórnar Sí. Árið 2021 ákvað heilbrigðisráðuneytið að fresta ekki gildistöku ákvæðis um 12 mánaða verklega þjálfun, þrátt fyrir að ekki væri búið að undirbúa ákvæðið á nokkurn hátt. Um tíma fengu nýútskrifaðir sálfræðingar ekki starfsleyfi þar sem ekki hafði verið lokið við innleiðingu 12 mánaða verklegrar þjálfunar. Fór af stað umræða í fjölmiðlum um þetta mál og fljótlega kom svar frá ráðuneytinu um að fresta gildistöku til sumarsins 2023 og var „Landsráði um mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks“ fengið til að kortleggja þjálfunina og kostnaðarmeta hana. Þeim er svo skylt að skila af sér tillögum fyrir sumarið 2022.

Vinnustaðaheimsóknir

Stjórn félagsins hefur haft á stefnuskránni að heimsækja vinnustaði sálfræðinga í meira mæli. Árið 2021 var erfitt að fylgja því eftir vegna Covid-19. Átti formaður og framkvæmdastjóri fund með yfirsálfræðingi Landspítala til að ræða málefni sálfræðinga hjá spítalanum. Okkur voru kynnt störf og áherslur sálfræðinga hjá Landspítalanum og sköpuðust góðar og upplýsandi umræður á fundinum. Er það vilji Sí að heimsækja fleiri vinnustaði í framtíðinni, sérstaklega nú í aðdraganda nýrra kjarasamninga árið 2023.

Önnur mál

Alvarleg staða vitsmunaprofprófa

Sálfræðingafélag Íslands hefur ásamt fjölda sálfræðinga undanfarin ár unnið að því að leysa þá alvarlegu stöðu sem uppi hefur verið varðandi sálfræðileg próf á Íslandi. Í lok árs 2021 bárust góðar fréttir þar sem loksins var fjármagn tryggt fyrir fyrstu skrefin í þessu verkefni auk þess sem fundið var heimili fyrir verkefnið en Háskóli Íslands mun halda utan um það. Verður áhugavert að fylgjast með framvindu málsins árið 2022.

Rafrænt sálfræðirit

Árið 2021 kom sálfræðiritið í fyrsta skipti út með rafrænum hætti. Ritið kom einnig út í prentaðri útgáfu en áhersla verður á rafræna útgáfu á næstu árum. Unnið verður áfram að uppfærslu heimasíðu ritsins og einnig er stefnt að því að setja eldri ritin í rafrænt form.

Saga sálfræðinnar

Sí gerði samning við Ásgeir Sigurgestsson um að safna saman upplýsingum um þrjá fyrstu sálfræðingana ásamt upplýsingum um ellefu fyrstu félagi Sí. Safnaði Ásgeir þessum upplýsingum ásamt fleiri gögnum sem eru nú eign félagsins. Þar með talið viðtal við eina núlifandi stofnfélaga félagsins Sigurjón Björnsson. Markmið stjórnar er að birta þessi gögn á heimasíðu félagsins. Þakkar stjórn Ásgeiri fyrir góða og mikilvæga vinnu.

Fyrir hönd stjórnar Sí,

Handwritten signature of Tryggvi Guðjón Ingason in blue ink.

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður

Stjórn Sálfræðingafélags Íslands 2021-2022



Tryggvi Guðjón Ingason
Formaður



Bóas Valdórsson
Varaformaður



Álfheiður Guðmundsd.
Gjaldkeri



Helgi Héðinsson
Ritari



Gunnhildur Gunnarsdóttir
Meðstjórnandi



Agnes Björg Tryggvadóttir
Meðstjórnandi



Berglind Stefánsdóttir
Meðstjórnandi



Anna María Frímansdóttir
Framkvæmdastjóri SÍ